



# Áherslur dómara nefndar KKÍ 2008-2009

Áherslur dómara nefndar KKÍ 2008 byggja á reynslu fyrri ára á Íslandi, en jafnframt er tekið mið af breytingum á leikreglum, túlkunum og fyrir mælum FIBA.

KKÍ leggur áherslu á heiðarlegan leik og íþróttamannslega framkomu þar sem draga á úr mótmælum og annarri neikvæðri hegðun sem skaðar hagsmuni körfuknattleiksins.

Körfuknattleikur er keppnisíþrótt sem innifelur miklar tilfinningar, þar sem átök geta orðið og spennan í lofti, sérstaklega í jöfnum leikjum. Dómarar verða að hafa stjórn á aðstæðum. Þetta þýðir að dómarar verða að vera fastir fyrir og ónæmir fyrir þrýstingi. Dómarar þurfa þó að hafa skilning á hlutverki og ætlun þjálfara og leikmanna og vita hvað fær þá til að hegða sér á þann hátt sem þeir gera. Það er ómögulegt að leika leikinn vel án talsverðrar samvinnu dómara við leikmenn og þjálfara.

Bestu dómara nirnir fara vel með vald sitt, mynda fagleg tengsl við leikmenn og þjálfara, halda ró sinni í erfiðum aðstæðum, hafa skilning á leiknum og ætlun leikmanna, bregðast hratt við og eru óhræddir við að taka nauðsynlegar, erfiðar ákvarðanir. Þeir eru greint fólk í góðu líkamsástandi.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta bara leikur sem allir eiga að hafa gaman af og jafnvel dómara nirnir mega brosa!

Áhersluatriði dómara nefndar taka gildi 1. sept 2008 og leysa af hólmi áherslur fyrra árs.

## Reglubreytingar FIBA:

- a) Leikmenn mega ekki klæðast bolum sem ná út fyrir keppnistreyjur, engin læknisfræðileg undanþága er leyfð.
- b) Leikmaður sem dettur með knött, eða er í baráttu um knött, og rennur með hann á gólfinu er ekki brotlegur við skrefareglu. Hann má hins vegar ekki standa upp, velta sér eða hreyfa sig á annan hátt.
- c) Knöttur telst aðeins hafa farið yfir á sóknarvöll þegar hann (knötturinn) og báðir fætur leikmannsins sem knöttinn snertir hafa snert sóknarvöllinn (miðlína telst til varnarvallar).
- d) Leikmaður sem stekkur upp af sóknarvelli og nær nýju liðsvaldi í loftinu (stelur knettinum) og lendir með hann á varnarvelli er ekki brotlegur við regluna knetti snúið til varnarvallar (aftur fyrir miðju).
- e) Ef varnarleikmaður veldur snertingu við andstæðing aftanfrá eða frá hlið í tilraun sinni til að stöðva hraðaupphlaup og enginn varnarmaður er á milli sóknarmannsins og körfunnar skal slík snerting talin óíþróttamannsleg.
- f) Heimilt er að dæma tæknivillu á leikmann sem sveiflar olnboga kröftuglega (án snertingar).



### Áherslur FIBA frá í fyrra:

- g) Ef varnarmaður brýtur á sóknarleikmanni þegar knöttur er enn í höndum leikmanns sem er að framkvæma innkast, skal sú villa talin óíþróttamannsleg. Dómarar skulu sérstaklega veita þessu athygli þegar hætta er á að lið reyni að hindra að leikkluukkan fari af stað (undir lok leiks).
- h) Leikmaður "lætur sig falla" án snertingar eða gerir mikið úr eðlilegri snertingu til að fiska villu á andstæðing. Tæknivilla skal dæmd á leikmanninn eftir að lið hins brotlega (þ.e. aðalþjálfari liðsins) hefur verið aðvarað einu sinni fyrir sama hlut, sé það hins vegar mat dómara að um vísitandi alvarlegt atvik sé að ræða skal hann þá dæma tæknivillu strax án aðvörunar. Vakinn skal athygli á að sóknarleikmenn bera í þessu samhengi sömu ábyrgð og varnarleikmenn.

### Áherslur KKÍ 2008-2009:

- i) Lögð er áhersla á að stöðva grófan og hættulegan leik. Dómarar skulu sérstaklega taka á atvikum þar sem olnboga er sveiflað ógætilega, hvort heldur er af ásetningi eða ósjálfrátt, með eða án knattar. Til viðmiðunar skulu dómarar hafa þetta í huga:
  - i. Olnbogi sem snertir andstæðing ekki. **Tæknivilla.**
  - ii. Olnbogi sem snertir andstæðing laust í bók eða útlími. **Óíþróttamannsleg villa.**
  - iii. Olnbogi snertir bók eða útlími andstæðings kröftuglega. **Brottrekstrarvilla.**
  - iv. Olnbogi sem snertir háls eða höfuð andstæðings **Brottrekstrarvilla.**
- j) Dómarar skulu ekki líða stigvaxandi og síendurtekin mótmæli, aðfinnslur, ábendingar, spurningar, svipbrigði eða annars konar athæfi sem túlka má sem mótmæli við ákvörðunum dómara. Dómarar skulu eftir atvikum beita aðvörunum og þeim refsingum er reglur heimila til að fá leikmenn, þjálfara og aðra starfsmenn líða til að láta af neikvæðri hegðun sinni. Dómaranefnd bendir á að slíkar aðgerðir skila bestum árangri séu þær framkvæmdar snemma í ferlinu. Dómarar skulu þó hafa í huga að körfuknattleikur er tilfinningaríkur leikur þar sem augnabliks einstakt svekkelsi er hluti leiksins.
- k) Dómarar skulu eftir atvikum beita aðvörunum og þeim refsingum er reglur heimila til að stöðva mótmæli varamanna og annarra fylgismanna liðs, hóp mótmæli og eins þegar andstæðingar biðja um tæknivillur, óíþróttamannslegar villur eða brottrekstrarvillur á andstæðinga sína. Þá skulu dómarar fylgja reglum í hvítetna um atvik þar sem varamenn og aðrir yfirgefa svæði varamanna undir hættulegum kringumstæðum og skal þá engin hagnaðarregla vera í gildi.
- l) Allir leikmenn skulu alltaf hafa búninginn girtan ofan í stuttbuxurnar. Ekki er nægjanlegt að aðeins hluti af treyjuendanum sé ofan í buxunum heldur skal búningurinn girtur ofan í buxurnar allan hringinn. Láti leikmenn sama liðs ekki segjast skal dómari aðvara þjálfara og eftir það skal dómari láta skipta leikmanni útaf sem ekki er girtur.
- m) Réttur varnarleikmanna er skýr í reglum. Varnarleikmaður sem er í löglegri varnarstöðu, er innan sinnar súlu, beitir ekki höndum og er á undan á staðinn getur aldrei verið brotlegur. Dómarar skulu vera vakandi yfir leikaðferð margra sóknarleikmanna sem búa til snertingar við varnarmenn. Í slíkum tilfellum skulu ekki dæmdar villur á varnarleikmenn og eftir atvikum skal dæma sóknarbrott. Hafa þer í huga algeng mistök varnarmanna sem gera sig ólöglega með því að fetta sig í óeðlilega stöðu, hindra með höndum og færa sig áfram undir leikmenn í skottíraun.



- n) Sýna ber leikmönnum skilning, ef þeir þurfa að nota búnað eins og gleraugu, andlitsgrimur, höfuðhlífar eða spelkur. Búnaðurinn skal vera úr mjúku og léttu efni og á engan hátt hættulegur fyrir leikmanninn og aðra leikmenn. Notkun slíks búnaðar er óheimill nema með samþykki dómara leiksins.
- o) Eftirfarandi atriði voru í áherslum dómaranefndar síðasta ár og eru enn í gildi:
- Lið skulu kappkosta að hafa vant starfsfólk á ritaborði sem er upplýst um skyldur sýna og ábyrgð. Æskilegt er að starfsfólk ritaborðs sé ekki yngra en 16 ára.
  - Ekki er æskilegt að börn undir 14 ára aldri séu ábyrg fyrir að þurrka bleytu af gólfi í leikjum.
  - Leikstjórnun er mjög mikilvægur þáttur, einn hluti hennar er að eiga samskipti við þjálfara og varamenn. Aðalþjálfari ber ábyrgð á sínu liði, og því á að duga að aðvara hann vegna hegðunar leikmanna hans.
  - Fáir leikmaður dæmdar á sig tvær tæknivillur fyrir óþróttamannslega framkomu ber dómara að vísa viðkomandi leikmanni af leikvelli.
  - Hálfleikur skal vera 10 mínútur nema að heimalið óski eftir 15 mínútna leikhléi a.m.k. 20 mínútum fyrir upphaf leiks.
  - Undir engum kringumstæðum skulu leikmenn bera skartgripni né úlniðsbönd, jafnvel ekki úr teygjanlegu efni. Ekki er nægjanlegt að líma yfir skartið.
  - Til að körfuboltaleikur gangi vel og sé leikinn í anda reglnanna þarf samvinnu allra sem að leiknum koma. Öllum ber að sýna störfum annarra virðingu og í samskiptum skal gæta sanngirnis og hófsemi.
  - Dómaranefnd leggur áherslu á að búningsherbergi dómara á að vera þeirra frísvæði og enginn utanaðkomandi skal koma þar inn, ekki heldur gjaldkerar félaganna.

Um leið leggjum við áherslu á að dómaranefnd er opin fyrir öllum góðum hugmyndum um það sem betur má fara. Netfang dómaranefndar er [domaranefnd@kkdi.is](mailto:domaranefnd@kkdi.is).

Góða skemmtun í vetur.

f.h. dómaranefndar KKÍ  
Sigmundur Már Herbertsson, formaður